



# Nýsköpun - Heimsmarkmiðin og nærsamfélagið

Kennarar

Nokkrar áskoranir sem við öll getum hjálpað til við að leysa



Ath. að þetta eru einungis nokkur atriði, samantekin af NKG, til að hjálpa til við hugmyndavinnu nemenda. Vitið þið um annað vandamál eða áskoranir, sem tengist einhverju markmiðanna, sem þið viljið reyna að leysa? Skrifjið hana þá í „Annað?“

**1** ENGIN  
FÁTÆKT

**Áherslur:** *Styrkja stöðu fólks sem stendur höllum fæti, með sérstakri áherslu á börn*

Margir hafa ekki efni á að taka þátt í tómstundastarfi, íþróttum eða gera eitthvað skemmtilegt eins og að fara í bíó. Sumir eiga ekki mikið af fötum og leikföngum og geta ekki alltaf gefið afmælisgjafir eða farið í skólaferðir sem kosta peninga.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**2** EKKERT  
HUNGUR

**Áherslur:** *Sjálfbær þróun í fiskveiðum og landbúnaði. Lífræn og heilnæm framleiðsla. Tryggja framfærslu allra landsmanna*

Margir hafa ekki efni á að kaupa skólamat, ávexti og grænmeti eða annan hollan mat, geta ekki alltaf komið með nesti í skólann eða til dæmis keypt flottan, góðan jólamat.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**3** HEILSA OG  
VELLIDAN

**Áherslur:** *Breytt aldurssamsetning þjóðarinnar. Langvinnir sjúkdómar sem tengja má við lífsstíl. Framboð og aðgengi að úrræðum og þjónustu eftir landssvæðum*

Margir hreyfa sig allt of lítið, borða ekki hollan mat, hanga of mikið inni eða hafa ekki efni á að fara til læknis eða tannlæknis. Allt of margir unglingar eru byrjaðir að veipa og drekka of mikið af orkudrykkjum. Einelti er enn stórt vandamál og margir eru einmana.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

**4** MENNTUN  
FYRIR ALLA

**Áherslur:** *Efla læsi og tryggja framtíð íslenskar tungu. Vinna gegn brotthvarfi úr framhaldsskólum. Fjölga nemendum í verk- og tækninámi*

Mörgum gengur illa að læra, aðrir geta ekki fengið aðstoð við heimalærdóminn eða geta ekki lært það sem þeir hafa mestan áhuga á eða eru „bestir í“. Sumum líður ekki vel í skólanum, til dæmis vegna eineltis, eða hafa engan til að leika við og það bitnar á námsárangri þeirra.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_



## 5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

**Áherslur:** *Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflð. Öll mismunun gagnvart konum og stúlkum verði ofnumin alls staðar*

Ekki nærri allir átta sig á að það skiptir alls engu máli hvort þú sért stelpa, strákur eða annað kyn, hvað þú æfir, gerir, lærir eða vinnur við. Við erum öll jöfn og eigum sama rétt til alls. Gera þarf bæði konum og körlum kleift að samræma betur fjölskyldu- og atvinnulíf.

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 7 SJÁLFBÆR ORKA

**Áherslur:** *Auka hlutfall endurnýjanlegra orkugjafa með orkuskiptum í lofti, láði og legi*

Er ekki hægt að nýta vind- og sólarorku í miklu meiri mæli – líka fyrir smærri hluti? Getum við nýtt heita vatnið betur og er hægt að virkja minni ár og læki til einkanota? Getum við minnkað notkun á bensíni og olíu?

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG

**Áherslur:** *Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg og sjálfbær. Áskoranir vegna strjálbýlis, svo sem fjarskipti og almenningsgöngur*

Mjög margir eru einir í bílunum sínum og því eru allt of margir bílar á götunum. Margir keyra of hratt eða fara yfir á rauðu ljósi og því getur verið mjög hættulegt að labba yfir götur. Geta fleiri ræktað grænmetið sitt einhvers staðar nálægt heimilinu?

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_

## 12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

**Áherslur:** *Minnka neyslu, draga úr matarsóun og minnka þar með vistspor Íslendinga. Innleiða hringrásarhugsun í alla neyslu og framleiðslu*

Matarsóun er stórt vandamál og oft er mikið rusl á götunum og í náttúrunni. Við kaupum of mikið af fötum og öðrum hlutum sem við þurfum kannski ekki og hendum svo miklu í ruslið. Við notum líka of mikið af einnota hlutum. Er hægt að gera fólki auðveldara að flokka rusl?

Annað?: \_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_  
\_\_\_\_\_